

Mánudaginn 31. maí 1954.

Nr. 1/1954. **Sigurgísli Eyjólfsson**  
 (Gunnar Þorsteinsson hrl.)  
 gegn  
**Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjóra-  
 félagsins Þróttar** (Egill Sigurgeirsson hrl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu  
 dómendur.**

Bifreiðarstjórar. Vörubílstjórafélagi talið skylt að veita vörubílfreiðarstjóra inngöngu í félagið, en sýknað af þeirri kröfu hans, að það veitti honum einnig afgreiðsluréttindi á afgreiðslustöð félagsins.

### **Dómur.**

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 2. f. m. af Sigurgísla Eyjólfssyni, Eggjaveg 3, Smálöndum, Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar, Reykjavík. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt skylt að veita stefnanda félagsréttindi í Vörubílstjórafélaginu Þrótti, þar með talin afgreiðsluréttindi á vörubílastöð félagsins, enda fullnægi stefnandi skilyrðum 20. og 21. gr. samþykktu félagsins. Þá krefst stefnandi og málskostnaður úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda um afgreiðsluréttindi á vörubílastöð stefnda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Róbert Lárusson bifreiðarstjóri, Reykjavík, átti vöruflutningabifreiðina R 1894. Hafði hann um alllangan tíma stundað bifreiðaakstur. Hann var félagsmaður í Vörubílstjórafélaginu Þrótti og hafði afgreiðsluréttindi og afgreiðslu fyrir bifreið sína á bifreiðastöð félagsins. Í byrjun s.l. febrúar-mánaðar ákvað Róbert, af heilsufarsástæðum, að leggja niður bifreiðaakstur. Hinn 4. s. m. ritaði hann stjórn Þróttar og tjáði henni ástæður sínar, og fór þess á leit, að honum

yrði leyft að selja bifreið sína, R 1894, með stöðvarréttindum, þannig að sá, sem keypti hana, mætti greiða sér endurgjald fyrir nefnd réttindi og kæmi síðan í stað Róberts á stöðina. Áður en Róbert ritaði nefnda beiðni, seldi hann stefnanda máls þessa framangreinda bifreið sína. Er afsalið fyrir bifreiðinni dagsett 1. febr. þ. á., og var hún skráð á nafn stefnanda þann dag. Hinn 15. febrúar tilkynnti stefnandi (Sigurgísli) stjórn stefnda kaup þessi og óskaði þess að fá að halda „stöðvarplássi bifreiðarinnar við vörubilastöðina Þrótt“. Á fundi sínum 24. febr. tók stjórn Þróttar þá ákvörðun, að ekki væri nægt að verða við þessari beiðni, þar sem slíkt væri ekki heimilt samkvæmt lögum félagsins. Með bréfi dags. 1. marz s.l. sótti stefnandi um það, að verða fullgildur félagsmaður í Þrótti, en þeirri beiðni var sýnað af stjórn Þróttar 15. s. m.

Stefnandi byggir dómröfufur sínar á þeim grundvelli, að þar sem hann fullnægi þeim inntökuskilyrðum, sem sett séu í samþykktum Þróttar, sé stjórn þess félags skylt samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og veita sér félagsréttindi, enda greiði hann tilskilin inntökugjöld. Hann bendir og á það, að bifreið sin, R 1894, hafi, áður en hann eignaðist hana, notið afgreiðslu frá vörubilastöð Þróttar og sé hér því um áframhaldandi afgreiðslu sömu bifreiðar að ræða.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að honum sé óheimilt að veita stefnanda afgreiðsluréttindi fyrir bifreið á vörubilastöð félagsins. Er sú staðhæfing hans studd þeim rökum, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi samkvæmt heimild í lögum nr. 23 frá 16. febrúar 1953 ákveðið, að hámarkstala vörubifreiða í Reykjavík, sem nota má til aksturs fyrir almenning gegn borgun, skuli vera 280. Nú hafi 280 félagsmenn í Þrótti þegar afgreiðslu og afgreiðsluréttindi fyrir jafnmargar bifreiðar. Telur stefndi, að sér sé þannig að lögum óheimilt að veita stefnanda afgreiðsluréttindi þau, sem hann krefst í máli þessu, og hefur hreyft því að visa beri þeirri kröfu stefnanda frá dómi.

Krafa stefnanda um afgreiðsluréttindi er falin í kröfu hans um full félagsréttindi. Telja verður samkvæmt þeim

grundvelli, sem dómkröfur stefnanda eru byggðar á, að Félagsdómi sé rétt að dæma um þær í heild, og verður því nefnd frávisunarástæða stefnda ekki talin hafa við rök að styðjast.

Aðalsýknukrafa stefnda er annars studd sömu rökum og að framan greinir. Telur hann sér ekki skylt að veita þeim mönnum félagsréttindi, sem honum sé óheimilt að lögum að veita afgreiðsluréttindi. Til vara krefst hann þess, að honum verði aðeins gert að veita stefnanda félagsréttindi án afgreiðsluréttinda.

Stefnandi hefur mótmælt því, að ákvörðun bæjarstjórnar Reykjavíkur um hámarkstölu bifreiða til vöruf lutninga fyrir almenning gegn borgun svipti stjórn stefnda möguleika til þess að veita sér þau félagsréttindi, sem hann eigi kröfu til samkvæmt meginreglu 2. gr. laga nr. 80/1938. Ákvæði laga nr. 23 frá 1953 miði aðeins að því, að setja skorður við óhæfilegri fjölgun þargreindra bifreiða. Hér sé hins vegar ekki um neina fjölgun að ræða, heldur aðeins það, að hann megi nota tæki, sem áður hafði afgreiðslu á stöð stefnda. Bendir hann og á það, að nú hafi aðeins 279 vörubifreiðar afgreiðslu á vörubílastöð stefnda, þar sem fækkað hafi um eina, bifreið Róberts, er hann hætti akstri.

Stefndi hefur andmælt nefndri skoðun stefnanda. Heldur hann því fram, að enda þótt Róbert Lárusson hafi selt bifreið sína, haldi hann samt áfram afgreiðsluréttindum á vörubílastöð félagsins samkvæmt 28. gr. samþykktá þess, og geti haldið þeim allt að einu ári frá því er hann hætti akstri.

Vörubílstjórafélagið Þróttur er stéttarfélag sjálfseignarvörubifreiðarstjóra og lýtur ákvæðum laga nr. 80/1938 um stéttarfélag. Samkvæmt 2. gr. samþykktá félagsins, er tilgangur þess sá, „að efla hag og samvinnu félaga sinna með sameiginlegri afgreiðslustöð og öðru því, sem að gagni getur komið“. Í 21. sbr. 22. gr. samþykktanna eru talin upp skilyrði þau, sem fullnægja þarf til þess að fá inngöngu í félagið, en þau eru:

a) að innsækjandi sé eigandi að vörubíl og hafi að aðal-  
atvinnu að aka honum,

- b) að hann sé búsettur og eigi lögheimili innan starfs-  
svæðis félagsins,  
c) að hann greiði tiltekið inntökugjald og  
d) hafi góðan bíl, færan í alla algenga vinnu.

Það er ágreiningslaust, að stefnandi fullnægi framan-  
greindum skilyrðum, a. b. og d-liðar nefndrar 21. gr., og  
hann hefur lýst sig reiðubúinn til að greiða inntökugjald  
samkvæmt 20. gr. samþykktanna, þegar honum verður veitt  
innganga í félagið, ennfremur inntökugjald samkv. c-lið  
21. gr., þegar hann öðlast afgreiðsluréttindi. Samkvæmt meg-  
inreglu 2. gr. laga nr. 80/1938 ættu þessi atriði að leiða  
til þess, að viðurkenndur yrði réttur stefnanda til handa  
til inngöngu í félagsskap stefnda með fullum félagsrétt-  
indum. Kemur þá til álita sú varnarástæða stefnda, að á-  
kvæði laga nr. 23 frá 16. febrúar 1953 um leigubifreiðar  
í kaupstöðum hamli því, að stefndi geti nú öðlast félags-  
réttindi í Vörubílstjórafélaginu Þrótti.

Samkvæmt 1. gr. nefndra laga getur bæjarstjórn Reykja-  
vikur með samþykki samgöngumálaráðuneytisins takmark-  
að fjölda vörubifreiða í Reykjavík. Þessa heimild hefur hún,  
að fengnu samþykki nefnds ráðuneytis, notað og ákveðið,  
að hámarkstala vörubifreiða, sem nota má til aksturs fyrir  
almenning gegn borgun, skuli vera 280. Var ákvörðun þessi  
tilkynnt stefnda með bréfi borgarstjórans í Reykjavík, dags.  
5. febr. þ. á. Tala þessi var jöfn fjölda þeirra vörubifreiða,  
sem þá höfðu afgreiðsluréttindi á stöð stefnda, að meðtal-  
inni framangreindri bifreið, R 1894, sem Robert Lárusson  
hafði þá afgreiðsluréttindi fyrir. Af þessum hámarksákvæð-  
um leiðir, að stefnda er nú óheimilt að veita fleiri en 280  
vörubifreiðaeigendum afgreiðsluréttindi á vörubílastöð sinni.  
Er honum rétt að taka afgreiðsluréttindi Róberts Lárusson-  
ar með í þá hámarkstölu samkvæmt ákvæðum 28. gr. sam-  
þykktanna sinna, en hún lætur svo um mælt, að félagsmaður,  
sem selur bifreið sína eða hættir akstri um stundarsakir,  
haldi stöðvarplássi sínu allt að einu ári, enda greiði hann  
félagsgjald sitt og hálf stöðvargjald. Þegar virt eru þau  
atriði, sem nú hafa verið rakin, verður stefnda ekki að

svo stöddu dæmt skylt að veita stefnanda afgreiðsluréttindi á vörubílastöð sinni.

Eins og að framan er rakið, er gert ráð fyrir því í 2. gr. samþykktu stefnda, að efla megi hag og samvinnu félagsmanna í Þrótti með öðru en sameiginlegri afgreiðslustöð, enda er ljóst, að ýmis önnur atriði geta skipt máli um hagsmuni vörubifreiðaeigenda, þótt afgreiðsluréttindi á stöð félagsins séu að sjálfsögðu mikilvægur þáttur félagsréttindanna. Áðurgreind lög nr. 23 frá 1953 eru alger og einstök undantekning frá hinni viðtæku reglu 2. gr. laga nr. 80/1938 um rétt manna til inngöngu í stéttarfélög. Þegar öll þessi atriði eru athuguð, verður niðurstaða dómsins sú, að telja verður að framangreind hámarksákvæði feli ekki í sér heimild fyrir stefnda til þess að synja stefnanda um inngöngu og félagsréttindi í Vörubílstjórafélaginu Þrótti, ef hann greiðir inntökugjald samkv. 20. gr. samþykktu félagsins, þó svo, að stefnda verður samkvæmt framansögðu ekki að svo stöddu talið skylt að veita stefnanda afgreiðsluréttindi á vörubílastöð sinni.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 500.00 upp í málskostnað.

#### Dómsorð:

Stefndi, Vörubílstjórafélagið Þróttur, á að svo stöddu að vera sýkn af kröfu stefnanda, Sigurgísla Eyjólfssonar, um afgreiðsluréttindi á vörubílastöð sinni.

Stefnda er skylt að veita stefnanda félagsréttindi, enda greiði hann inntökugjald samkvæmt 20. gr. samþykktu stefnda.

Alþýðusamband Íslands f. h. Vörubílstjórafélagsins Þróttar, greiði stefnanda kr. 500.00 upp í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---